


Sýning Þórðar Ben Sveinssonar á Kjarvalsstöðum



Það er títt meðal Íslendinga á erl. grund að þeir hugsi heim til gamla Fróns með nokkurri eftirsjá. Sérstaklega á það við um landa okkar, sem eru langdvölum á slóðum, þar sem mengun lofts og vatns er hvað mest eins og í mið-Evrópu. Það er ekki einugis mengunin, sem áreitir landa okkar hvað mest, heldur og þróngur hilylakostur, umferðaröngþveiti, skert einstaklingsfrelsi, óhollusta umhverfis og gráar óþrifalegar borgir sem færa landa vorum heim sanninn fyrir gæðum okkar lands. Vaxandi uggur íbúa nágrannalanda fyrir tilvist kjarnorkunnar og nálægð kjarnorkuvera, sem þjóta upp eins og gorkúlur á haustdegi og orsaka smámsaman jarðvegsmengun, er okkur einnig lærdómsfík lexía. Við búum enn við æðstu gæði náttúrunnar, hreint vatn og tært loft.

Við getum ennþá boðið nýju kartöflurnar með skrálingnum, á meðan mið-Evrópubúinn

þarf að skræla og skræla vel.

Einn af okkar ágætu löndum, er nú í heimsókn, en hann hefur dvalið nokkur ár í Suður-Þýskalandi. Hann teflir nú fram draumum sínum á Kjarvalsstöðum. Og hvíllkir draumar.

myndlist



Torfi Jónsson skrifar

Fjarri heimahögum hefur hann setið og horft inn í framtíðina og hugsað um íslenska morgunbirtu. Ef til vill hefur einhver steinrunninn ljósgeisli vakið hann?

Hann tekur sér stöðu eins og íslenski landvætturinn, sem bæjja vill frá öllu vanheilögu. Þessi landi okkar er Þórður Ben Sveinsson, sem birtir nú þessa drauma sína með fögrum myndverkum og styrkir þau með skrifuðu máli um alla veggi.

Það er vissulega fátítt meðal myndlistarmanna að þeir skipti sér af arkitektúr í þetta ríku máli. Þó hefur Hundertwasser, sá austurríski, steipt sér út í slíkar hugleiðingar og haft gagnger áhrif. Er ekki arkitektúr ein greinin á listarénu? Var ekki í skóla Platons allt undir sama þaki, malaralist, höggmyndalist, önnur visindi svo og arkitektúr? Er málarinn nokkuð annað að gera en arkitektinn? Reynir að hafa áhrif á samtíð sína og tjáir sig um leið.

Hugmyndir Þórðar eru mjög vekjandi og ef ekki staðnaður íslenskur arkitektúr tekur við sér, þá er hann beinlínis dauður. Teikningar hans af framhliðum

húsa, fjölbylishúsa sem og garðhúsa, yfirbyggðum strætum með yl og gróðri, eru ekki einungis fullgild myndverk heldur undirstrika þær þörfinna á manneskjulegra umhverfi og betri nýtingu auðlinda.

Í texta sínum minnst hann á misheppnaðar íbúðarblokkir, mistúlkaðan Le Corbusier, sem fyrst kom fram með hugmyndir sínar 1925 í París. Sagt er frá flotta ungs fólks úr stybbu bæjararkjarnanna, út í sveitina, þar sem fuglasöngurinn er ekki þagnaður. Hugleidd er nýting raforkunnar fyrir almenningsvagna, konstaðarminni akbrautarkerfi. Bent er á loftmengun bifreiðanna, sem þokast úr svefnhverfum inn í miðkjarna borganna, þar sem atvinnulífið fer fram og hin yfirfylltu bílastæði. Þórður er með þessari viðleitni að vísa veginn eða gera tilraun til þess. Myndverk hans eru í senn draumsýn og veruleiki. Sjálfstæð listsköpun og vakning.

HUGLEIÐINGAR UM ÚTITAFL

Þegar voríð hélt innreið sína á okkar kæra Fróni og snjór leystist af miklum krafti. Þegar hinn hreini tónn heidlóunnar hækkaði um hálfan tón um leið hún hóf sig á loft. Þá tókumst við einnig á loft, íbúar þessa lands, eftir langan og dimman vetur og bjuggum til útitafl. Við gleymdum storminum, rigningunni og næðingnum. Sem betur fer. Við framleiddum bestu skjólföt í heimi, eigum bestu ullina.

Þessi brekka fyrir framan Torfuna hefur á einhver óskiljanlegan hátt alltaf angrað okkur. Við tylltum okkur á grasbalann 17. júní og bakkusarvinir lognuðust þar hreinlega útaf. Þessvegna létti mörgum þegar umbætur hófust og fósturmoldin birtist í allri sinni nekt. Bitlarnir eru löngu orðnir þreyttir á síða hárinu, pönkararnir eru farnir að linast í notkun rauða hárlitarins og við orðnir dauðþreyttir á sama grasbalanum. Upplagt að setja upp tafl, þar sem menn geta hugleitt næsta leik í kyrrð og ró, þrátt fyrir vaxandi umferð eftir Lækjargötunni.

A opunardaginn, stóð ég á steinsteipta pallinum og horfði á tvo vaska pílta renna til þungri drottningunni, sem drap svartan biskup á rökfræðilegan hátt. Þegar ég hefi nú séð sjónvarpsmyndina um hann Snorra skáld, kom upp í hug mér þessi stórbroti bardagi á Lækjargötunni. Maður sá fyrsta manninn falla, síðan kós, og enginn sá



neitt fyrr en fáir voru eftir. Það stóð griskur listfræðingur við hlið mína og lýsnabist yfir taflmönnum. Þeir eru svo „agressivir“ og hreint og beint ljótir. Ég sagði að hann þekkti ekki Íslendinga og sögur þeirra, en þar væri grimmdin í hávegum höfð. Við þyrftum líka alltaf að berast á, helst verða heimsfrægir og komast í heimsmetabók Guinness. Þá liði okkur vel. Taflmenn þyrftu helst að vera

það stórir um sig, að þeir þyrftu að vera á hjólum til þess að hægt væri að hreyfa þá.

Ég man eftir taflmönnum í Finnlandi, sem voru bara kubbarmenn með máluðum táknum sem sýndu mismun á peði og kóng. Þeir eru víða í hinum víðáttumiklu almenningsgördum Helsinki borgar og svo meðfærligir að sparka má í þá til þess að kippa þeim á reitinn. Þar var allt þjónustulíð óþarfi og menn



hreyfðu mennina sjálfir. En Finnar hafa nú allt annað form-skygn en við. Þeir eiga heldur engar Íslendingasögur. Ég reyndi nú að horfa yfir öxlmanns, sem stóð við litla taflíð, þar sem skákmenn tveir börðu sér á brjóst (sennilega ekki af kulda). Maðurinn var stærri en ég og svo var líka einhver fyrir framan hann. En það var gott að fá sér pulsu á pulsubarnum rétt hjá.

Jóhanna

Nemendaleikhúsið sýnir. Leikgerð byggð á handriti eftir Önnu Seghers, en samin af Maríu Kristjánsdóttur og nemendur 4. bekkjar L.I.. Þýðing söngtexta: Þorsteinn frá Hamri Leikmynd og búningar: Guðrún Svava Ljós: David Walters Tónlist: Hjálmar R. Ragnarsson Leikstjóri: María Kristjánsdóttir.

Sagan um Jóhönnu frá Örk mun flestum kunn. Jóhanna var af bændastéttum, sem ekki máttu sín mikils á 15. öld í valdatogi aðalsins í Evrópu — í Jóhönnu tilfelli fransks og ensks. En Jóhanna lét stjórnast af guðlegum röddum, sem leiddu hana og franska heri til sigurs í orrustu sem var hornsteinninn að frelsi Frakklands. Jóhanna hefur heillað margan höfundinn enda kona, sem bauð flestu því byrgin sem þá réði í samfélagi manna.

Leikgerð Maríu Kristjánsdóttur og leikaraefna Nemendaleikhússins mun einkum sótt til þýska rithöfundarins Önnu Seghers, en einnig til Shaws og Jean Anouilh, auk víðauka frá Maríu. Í leikgerðinni er áherslan á hugrekki Jóhönnu, enda var að ætlunin að fjalla sérstaklega um hugrekki — ekki sist konu, þegar fyrir lá að velja verkefnið. Ef menn sam-sinna því, að það að trúa blint á líkamslausar raddir — eða það að hlýða æsingu múgsins sé vottur um hugrekki, þá geri ég ráð fyrir að Jóhanna sé ágætt viðfangsefni þeim, sem um þann eiginleika vilja fjalla. Sjálf hef ég aldrei frá



NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT
áskriftarsíminn 28028

Verður þú með?